

# ÁRSSKÝRSLA STOFNUNAR VIGDÍSAR FINNBOGADÓTTUR Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM 2023

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er ein af grunnstofum Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands. Hún er rannsóknarvettvangur akademískra starfsmanna við Mála- og menningardeild sem stunda rannsóknir og kennslu í tengslum við þau tungumál sem nú eru kennd við deildina: arabísku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, latínu, pólsku, rússnesku, spænsku, sænsku og þýsku. Helstu rannsóknarsviðin eru:

- menning og tungumál tiltekinna málsvæða, tungumálatengsl og samanburður á menningu og tungumálum í sögu og samtíð;
- bókmenntir, m.a. bókmenntir einstakra þjóða og málsvæða auk innflytjendabókmennta, bókmenntastefnur og -fræði;
- málvísindi, m.a. samanburðarmálvísindi, sambýli tungumála, máltileinkun, annarsmálsfræði og orðabókafræði;
- bókmennta- og nytjaþýðingar;
- þróun kennslufræði og kennslugagna og notkun nýrrar tækni í tungumálanámi og -kennslu;
- samskipti á erlendum málum og notagildi þeirra, m.a. í menntun, menningu og atvinnulífi.

Markmið stofnunarinnar er að efla rannsóknir og kennslu í tungumálum og menningu og að auka skilning á fjöltyngi og gildi tungumálakunnáttu og menningar. Stofnunin miðlar upplýsingum um tungumálanám og nýjungar í kennslu erlendra mála á öllum skólastigum. Hún stuðlar að umræðu um fjöltyngi, bókmenntir og menningu, tungumálanám og -kennslu, þýðingar og menningarlæsi með útgáfu fræðiritra og þróun námsefnis og annarra gagna. Áhersla er lögð á að hagnýta máltækni í þágu tungumálanáms og tungumálarannsókna, m.a. með þróun nettengdra námskeiða, námsgagna og veforðabóka. Stofnunin skipuleggur fyrirlestraraðir, málþing og ráðstefnur og sér um útgáfu vef tímaritsins *Milli mála*.

Innan Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er að finna eftirtaldar undirstofur:

**Fornfræðistofa** – vettvangur fyrir rannsóknir í fornfræðum og þverfræðilegt samstarf og verkefni sem varða málefni og miðlun fornfræði. Ábyrgðarmaður er Geir P. Þórarinsson.

**GLÓSA** – rannsóknastofa í orðabókafræði. Ábyrgðarmaður er Erla Erlendsdóttir.

**RÍO** – rannsóknastofa í orðasambandafræði. Ábyrgðarmaður er Oddný G. Sverrisdóttir.

**STUTT** – rannsóknarstofa í smásögum og styttri textum. Ábyrgðarmaður er Kristín Guðrún Jónsdóttir. Sjá [stutt.hi.is](http://stutt.hi.is)

**Vigdísarstofnun** – Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar sem starfar undir merkjum UNESCO. Forstöðumaður til 1. ágúst 2023 var Sofíya Zahova. Stjórnarformaður til 1. nóvember 2023 var Ann-Sofie Nielsen Gremaud, frá 1. nóvember Gísli Magnússon. Halldóra Jóhanna Þorlákssdóttir var kynningarstjóri stofnunarinnar og Valgerður Jónasdóttir viðburðastjóri. Sjá [vigdis.hi.is](http://vigdis.hi.is)



## STJÓRN OG STARFSMENN

Stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum árið 2023 skipuðu Ásdís Rósa Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, formaður, Geir Þórarinn Þórarinsson, aðjunkt í grísku og latínu, Jóna Guðrún Guðmundsdóttir, fulltrúi doktorsnema, Kristín Ingvarsdóttir, dósent í japönsku, og Oddný G. Sverrisdóttir, prófessor í þýsku. Varamenn voru Erla Erlendsdóttir, prófessor í spænsku, og Gísli Magnússon, prófessor í dönsku.

Ritnefnd stofnunarinnar skipuðu þær Ásdís Rósa Magnúsdóttir, Birna Bjarnadóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir, en Geir Þórarinn Þórarinsson og Þórhildur Oddsdóttir voru ritstjórar veftímarits Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, *Milli mála*.

Árið 2023 voru um 40 fræðimenn í Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

## RANNSÓKNIR OG VERKEFNI

Ann-Sofie Gremaud tekur þátt í alþjóðlega verkefninu **The Art of Nordic Colonialism: Writing Transcultural Art Histories**. Þar er fjallað um hlutverk nýlendustefnunnar í sköpun og viðtöku lista- og listasögu á Norðurlöndum og fyrrum nýlendum þeirra frá 1600 til dagsins í dag.

Auður Hauksdóttir hefur verið í forystu fyrir samstarfsnetinu **Sprog- og kulturkontakt i Vestnorden**, þar sem fræðimenn frá Danmörku, Færeyjum, Grænlandi, Noregi og Svíþjóð taka þátt. Netið hóf göngu sína árið 2015 og hafa rannsóknir þess beinst að tengslum tungumála og menningar á vestnorræna svæðinu í sögu og samtíð. Starfsemi netsins lauk vorið 2023 með útgáfu ritsins *Sprog- og kulturkontakt i Vestnorden. Om det færøske, grønlandske, islandske og norske sprogs møde med dansk*, þar sem fjallað er um afrakstur samvinnunnar. Auður leiðir einnig rannsóknaverkefni um tengsl færeysku, íslensku og norsku við dönsku á tímabilinu 1850–1920 og þróunarverkefnið **EGO (Min egen Ordbank)**, sem er einstaklingsmiðuð stafræn starfsstöð fyrir færeyska, grænlenska og íslenska nemendur í dönskunámi og aðra sem þurfa að tjá sig á dönsku. Verkefnið hafa m.a. notið styrkja frá Nordplus Sprog og Kultur. Auður fer einnig fyrir stýrihópi á vegum stjórnvalda, Háskóla Íslands og Þjóðminjasafns. Stýrihópnum er ætlað að hrinda í framkvæmd átaki til eflingar dansk-íslensku vísindasamstarfi, sem ríkisstjórnin efndi til árið 2019, þegar þess var minnst að 75 ár voru liðin frá stofnun lýðveldisins.

Auður Hauksdóttir og Birna Arnbjörnsdóttir eru í forsvari fyrir verkefnið **Sprogbarometer I og II**. Rannsóknirnar beinast að sambýli ensku, dönsku og heimamálanna í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi.

Ásdís R. Magnúsdóttir rannsakar viðtöku- og þýðingasögu franskra bókmennta á Íslandi, með áherslu á þýðingar Hannesar Finnssonar í *Kvöldvökunum 1794*.

Birna Arnbjörnsdóttir er einn af forsvarsmönnum **WILA – Vinnustofu um erfðarmál í Norður- og Suður-Ameríku** og **PRISEAL**, alþjóðlegs samstarfsnets um ritun fræðigreina á ensku.

Birna Bjarnadóttir leiðir alþjóðlega rannsóknaverkefnið **Menning við ysta haf** í félagi við Inga Björn Guðnason.

Erla Erlendsdóttir, Hólmfríður Garðarsdóttir og Nuria Frías Jiménez eru þátttakendur í norræna vinnuhópi alþjóðlega verkefnisins **Kortlagning spænsku í Evrópu**.

Geir Sigurðsson tekur þátt í alþjóðlegu verkefninum **Perceptions of Age and Ageing in Premodern China and Beyond** ásamt samstarfsaðilum frá Þýskalandi, Tékklandi, Slóveníu og Belgíu, og **Imaginary Worlds and Imperial Power: The Case of China** ásamt L'ubomir Dunaj við Háskólann í Vín.

Gísli Magnússon er aðalritstjóri alþjóðlega tímaritsins *Romantik – Journal for the Study of Romanticism* sem gefið er út með styrk frá NOP-HS.

Guðrún Kristinsdóttir vinnur að verkefninu **Frönsk bylgja í íslensku leikhúslífi: 1960–2000**. Hún rannsakar einnig **birtingarmyndir trúarbragðastríðanna í frönskum harmleikjum 16. aldar og 17. aldar** og í sögulegri smásagnaritun á 17. öld.

Hólmfríður Garðarsdóttir tekur þátt í verkefninum **Women seeing Women**, sem fjallar um birtingarmyndir kvenna í kvikmyndum eftir konur í Rómönsku Ameríku, **Decolon-Ice: Towards decolonizing curricula in Nordic higher education** og **Félagshreyfingar og jaðarmenning í Rómönsku Ameríku**.

**Icelandic Online** er samstarfsverkefni Tungumálamiðstöðvar, Hugvísindasviðs og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Verkefnisstjóri er Eyjólfur Már Sigurðsson. Sjö Icelandic Online vefnámskeið í íslensku voru tekin til notkunar á tímabilinu 2004–2013, ætluð til sjálfsnáms í tölvum og snjalltækjum og öllum opin án endurgjalds. Um 280.000 manns víðs vegar um heim hafa skráð sig í námskeiðin, þar af eru um 85.000 virkir notendur. Einnig eru í boði s.k. PLUS námskeið sem þátttakendur greiða fyrir og fá þá endurgjöf frá kennara auk talþjálfunar í fjarnámi. Vorið 2023 opnaði námskeiðið **Icelandic Online fyrir börn**. Verkefnastjórar þess voru Birna Arnbjörnsdóttir og Halldóra Jóhanna Þorláksdóttir en Úlfur Alexander Einarsson stýrði hugbúnaðarvinnu.

Ingibjörg Ágústsdóttir er í forsvari fyrir rannsóknaverkefni um **Norðurheimskautssvæðið í skoskum bókmenntum**, þar sem skoskar bókmenntir sem fjalla um Norðurheimskautssvæðið frá nítjándu öld til dagsins í dag eru kortlagðar. Ingibjörg er einn af aðalritstjórum nýju fræðibókarittraðarinnar **Global Historical Fictions** sem gefin er út hjá Brill.

Irma Erlingsdóttir og Ásdís R. Magnúsdóttir stýra verkefninu **Frönsk bylgja í íslensku leikhúslífi: 1960–2000**, en þar er sjónum beint að þýðingum og uppsetningum á frönskum leikbókmenntum og sviðslistum á þessu tímabili og áhrifum þeirra á íslenskt leikhús.

Rósa Elín Davíðsdóttir ritstýrir LEXIU, íslensk-franskri veforðabók. Orðabókin var opnuð í júní 2021 en vorið 2022 fékkst styrkur úr Styrktarsjóði Áslaugar Hafliðadóttur til að bæta 5000 orðum við orðabókina og vorið 2023 framhaldsstyrkur til verkefnisins úr sama sjóði. Orðabókin er unnin í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum en árið 2023 var einnig efnt til samstarfs við Académie française. Rósa skoðar einnig **áhrif styttingar á námstíma til stúdentsprófs á inntak náms í frönskum fræðum við Háskóla Íslands**.

**Íslensk-spænsk veforðabók** er í smíðum á vegum LEXIU. Ritstjóri spænska hlutans er Erla Erlendsdóttir.

Jón Ólafsson hlaut öndvegisstyrk árið 2019 til verkefnisins **Lýðræðisleg stjórnarskrágerð: Tekist á um borgarabátttöku, vald stofnana og sameiginleg gæði**, en í því er leitast við að rannsaka þá lærdóma sem draga má af íslenska stjórnarskrárferlinu sem hófst árið 2010.

Sofiya Zahova stýrir alþjóðlega samstarfsnetinu **Roma in the Centre**, þar sem fjallað er um menningu, bókmenntir og málefni Rómabólks, og verkefninu **RomIs: History and Ethnography**

of **Roma in Iceland**. Sofiya er þátttakandi í evrópsku verkefni sem snýr að menntun og valdeflingu Rómakvenna og gengur undir nafninu **Educated Roma women, empowered Roma communities!**

Toby Erik Wikström leiðir verkefnið **Staging and Erasing the Global in Early Modern France**.

Þórhallur Eyþórsson stýrir verkefninu **The Prepositional Absolute Construction in Icelandic: A synchronic, diachronic and comparative-typological perspective**. Hann tekur einnig þátt í rannsóknarnetinu **The Oxford History of North Germanic Morphology**.

Þórhildur Oddsdóttir vinnur að verkefni tengdu annarsmálsfræðum.

Þórir Jónsson Hraundal, ásamt Sverri Jakobssyni og Dariu Segal, lagði lokahönd á verkefnið **Legends of the Eastern Vikings** sem styrkt var af Rannís árin 2019–2023. Meginmarkmið verkefnisins var að endurskoða miðaldaheimildir um Víkinga í Austurvegi og varpa ljósi ýmsar sagnfræðilegar nálganir á Rús og Væringja á miðöldum.

Nánar um rannsóknaverkefni stofnunarinnar: <https://svf.hi.is/is/rannsoknir>



## ÚTGÁFA

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum gefur út fræðirit og þýðingar á erlendum bókmenntum. Veftímarit stofnunarinnar, *Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu*, kemur út tvisvar á ári. Einmála og tvímála ritraðir stofnunarinnar er ætlaðar nemendum á sviði tungumála, bókmennta og hugvísinda en einnig unnendum erlendra fagurbókmennta og klassískra verka. Þýtt er úr frummáli og ítarlegur inngangur fylgir flestum verkanna. Smárit Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur er ritröð sem hóf göngu sína árið 2021 í tilefni af 20 ára starfsafmæli stofnunarinnar.

## MILLI MÁLA – TÍMARIT UM ERLEND TUNGUMÁL OG MENNINGU

Tvö hefti fimmtánda árgangs *Milli mála – Tímarits um erlend tungumál og menningu* komu út á árinu í opnum aðgangi á síðunni <https://millimala.hi.is>. Tímaritið birtir ritrýndar fræðigreinar á sviði erlendra tungumála, þýðinga, málvísinda og menntunarfræði. Einnig hefur skapast hefð fyrir birtingu bókmenntaþýðinga, einkum smásagna og styttri ritverka. Fyrri hefti fimmtánda árgangs er sérhefti sem ber yfirskriftina *Skáldið, taóíð og dulspekin* í gestaritstjórn Geirs Sigurðssonar. Síðara hefti ársins er almennt hefti og er þar að finna sex ritrýndar greinar um málvísindi, bókmenntir og þýðingafræði, auk einnar óritrýndrar greinar og tveggja þýddra smásagna ásamt kynningu á höfundi þeirra. Ritstjórar *Milli mála* árið 2023 voru Geir Þórarinn Þórarinsson og Þórhildur Oddsdóttir.

### *Sprog- og kulturkontakt í Vestnorden*

Verkið *Sprog- og kulturkontakt í Vestnorden* er afrakstur rannsókna innan samstarfsnetsins Sprog- og kultur møde i Vestnorden. Í bókinni er að finna 13 kafla eftir 12 höfunda. Aðalritstjóri bókarinnar Auður Hauksdóttir, prófessor emerita í dönsku, en meðritstjórar eru Gunnstein Akselberg, Malan Marnersdóttir, Nina Møller Andersen og Ulla Börestam. Auk þeirra eiga Bergur Djurhuus Hansen, Birna Arnbjörnsdóttir, Hans Harryson, Jógvan í Lon Jacobsen, Karen Langgård, Per Langgård og Þórhildur Oddsdóttir kafla í bókinni.

Bókin er gefin út í samvinnu forlagsins Vandkunsten og Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. Útgáfan var styrkt af Nordplus Sprog áætluninni.

### *Menning við ysta haf. Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða og Stranda.*

Pegar spáð er í íslenska bókmennta- og menningarsögu má sjá hvernig mörg merkisverk íslenskra bókmennta eiga rætur sínar að rekja til Vestfjarða og Stranda. Markmiðið með útgáfunni á greinasafninu *Menning við ysta haf* er að skapa samræðu um þetta efni og kortleggja um leið þó ekki væri nema brot af þeim handritum og bókmenntaverkum sem rísa úr djúpinu frá miðöldum til okkar tíma. Útgáfan er lokahluti verkefnisins *Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða* (2017–2021) og byggir að hluta á erindum sem flutt voru á Hrafnseyri og á málþingum í Edinborgarhúsinu og Safnahúsinu á Ísafirði. Tilurð verkefnisins hvílir á sumarnámskeiði Íslenskudeildar Manitoba-háskóla á Vestfjörðum (2007–2015) og samstarfi deildarinnar í því efni við Háskólasetur Vestfjarða. Verkefnið naut stuðnings prófessorsembættis Jóns Sigurðssonar við Háskóla Íslands sem Guðmundur Hálfánarson gegnir og hann skrifar formála bókarinnar.

Greinarhöfundar eru rithöfundar og fræðimenn frá Íslandi, Kanada og Danmörku, og ritstjórar þau Birna Bjarnadóttir og Ingi Björn Guðnason.

Hið íslenska bókmenntafélag gaf verkið út í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands. Útgáfan var styrkt af prófessorsembætti Jóns Sigurðssonar, Sjóði Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli, Miðstöð íslenskra bókmennta og Uppbyggingarsjóði Vestfjarða.

## Charles Baudelaire, *Parísarþapurð. Stutt ljóð í lausu máli*

Verkið *Parísarþapurð* kom fyrst út árið 1869. Þar er að finna 50 stutt ljóð í lausu máli, samin á árunum 1855-1867. Með verkinu átti Baudelaire þátt í að breyta í grundvallaratriðum viðhorfi til ljóðlistarinnar og hafði umtalsverð áhrif á skáld innan og utan heimalandsins. Kristín Guðrún Jónsdóttir ritstýrði en Ásdís R. Magnúsdóttir þýddi og skrifaði eftirmála.

Bókin er gefin út með styrk frá Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Miðstöð íslenskra bókmennta.

Nánar um útgáfu stofnunarinnar: <https://svf.hi.is/is/utgafa>

## VIÐBURÐIR

### FYRIRLESTRAR

Árið 2023 voru sjö fyrirlestrar haldnir á vegum Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur:

15. mars: Douglas Pfeiffer, dósent í ensku við Stony Brook University í New York - Hvernig má dæma bók af höfundi. Þegar húanismi endurreisnarinnar uppgötvaði ævisögur skálda

16. mars: Karen Karbiener, bandarískur fræðimaður, rithöfundur, sýningastjóri og kennari við New York University - Walt Whitman's Free Verse and the Expression of Female Desire in Victorian Age America

9. mars: Shilpa Khatri Babbar, ICCR Chair of Indian Studies og gestakennari í indverskum fræðum við Háskóla Íslands – Upanishad – sem undirstaða menningar og samfélags

23. mars: Shilpa Khatri Babbar, ICCR Chair of Indian Studies og gestakennari í indverskum fræðum við Háskóla Íslands – Samfélagsleg tengsl og fjölskyldubýgging

30. mars: Shilpa Khatri Babbar, ICCR Chair of Indian Studies og gestakennari í indverskum fræðum við Háskóla Íslands - Indversk kvikmyndagerð og samfélag

17. maí: Ian Reader, prófessor emeritus í japönskum fræðum við University of Manchester – Religion, tourism and heritage in contemporary Japan: state promotion, religious problems and constitutional questions

21. september: Irmela Hijjya-Kirschner, prófessor emerita í japönskum fræðum við Freie Universität Berlin – “The Excitement of Japanese Literature: Mishima as a Case in Point, Nightmare or Inspiration in Globalized Times”



## RÁÐSTEFNUR

### Framtíð tungumála – Future of Languages

Alþjóðlega ráðstefnan Framtíð tungumála – Future of Languages var haldin 8.–9. júní í Veröld – húsi Vigdísar. Um 170 tungumálakennarar og sérfræðingar í kennslu erlendra tungumála komu saman og fjölluðu um nýjar aðferðir við tungumálakennslu, leiðir til að efla tungumálanám og menningarlæsi. STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi, FIPLV – Fédération Internationale des Professeurs de Langues Vivantes, og NBR – Nordic Baltic Region of FIPLV stóðu að ráðstefnunni í samstarfi við Vigdísarstofnun – alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Ráðstefnan var styrkt af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Kennarasambandi Íslands, Hugvísindastofnun, Hannesarholti, rektorsskrifstofu, Sendiráði Frakklands, Sendiráði Þýskalands og Omnom. Helsti skipuleggjandi ráðstefnunnar var Hólmfríður Garðarsdóttir.

### Eurocall

Alþjóðlega Eurocall-ráðstefnan var haldin 15.–18. ágúst og var þema hennar tæknistutt tungumálanám og „CALL for All Languages“ sem tengist Alþjóðlegum áratugi frumbyggjamála 2022-2032. 180 sérfræðingar á sviðinu komu saman í Veröld – húsi Vigdísar. Ráðstefnan var haldin í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Háskóla Íslands. Helsti skipuleggjandi ráðstefnunnar var Branislav Bédi.

### Heimur smásögunnar

Ráðstefnan Heimur smásögunnar var haldin í Veröld – húsi Vigdísar dagana 30. september og 1. október. Heimur smásögunnar er þriðja ráðstefnan sinnar tegundar en áður hafa verið haldnar ráðstefnurnar Heimur skáldsögunnar og Heimur ljóðsins. Að ráðstefnunni stóðu Bókmennta- og listfræðistofnun, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur og STUTT – rannsóknastofa í smásögum og styttri textum. Þátttakendur voru Aðalheiður Guðmundsdóttir, Alda Björk Valdimarsdóttir, Arngrímur Vídalín, Ármann Jakobsson, Ástráður Eysteinnsson, Ásdís R. Magnúsdóttir, Ásta



Kristín Benediktsdóttir, Benedikt Hjartarson, Dagný Kristjánsdóttir, Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Guðrún Kristinsdóttir, Guðrún Steinþórsdóttir, Gunnþórunn Guðmundsdóttir, Haukur Ingvarsson, Helga Birgisdóttir, Huldar Breiðfjörð, Jonas Bokelmann, Jón Karl Helgason, Kristín Guðrún Jónsdóttir, Marion Lerner, Rebekka Práinsdóttir, Rúnar Helgi Vignisson og Sveinn Yngvi Egilsson.

## AÐRIR VIÐBURÐIR

### Örsögur í nútíð og þátíð

STUTT-rannsóknastofa í smásögum og styttri textum efndi til málþings um örtexta, gamla og nýja í Veröld – húsi Vigdísar fimmtudaginn 19. janúar. Þátttakendur voru Aðalheiður Guðmundsdóttir, Ármann Jakobsson, Ásdís Rósa Magnúsdóttir, Áslaug Agnarsdóttir, Guðrún Björk Guðsteinsdóttir, Hólmfríður Garðarsdóttir, Kristín Guðrún Jónsdóttir og Magnús Sigurðsson.

### *Ef þetta er maður* eftir Primo Levi

Þann 27. janúar var efnt til kynningar á bókinni *Ef þetta er maður* (*Se questo è un uomo*) eftir ítalska rithöfundinn Primo Levi í þýðingu Magnúsar H. Guðjónssonar. Stefano Rosatti fjallaði um höfundinn og tilurð verksins og þýðandinn sagði frá þýðingunni og las valda kafla úr verkinu. Viðburðurinn fór fram í Auðarsal og var haldinn í samstarfi við Istituto Italiano di Cultura di Oslo.

### Japanshátíð

Japanshátíð í samvinnu Sendiráðs Japans og nemenda og kennara í japönsku við Háskóla Íslands hefur verið haldin árlega í Veröld – húsi Vigdísar frá opnun hússins og dregið að fjölda gesta á öllum aldri. Boðið var upp á glæsilega dagskrá þann 28. janúar. Öll vinna við Japanshátíðina er unnin í sjálfboðavinnu nemenda og kennara deildarinnar.

### Útgáfufagnaður ritsins *Ólgublóð / Restless Blood*

Útgáfu ritsins *Ólgublóð / Restless Blood* var fagnað í Hannesarholti 8. febrúar. Ritið hefur að geyma 35 ljóð eftir Hannes Hafstein með enskum þýðingum Ástráðs Eysteinnssonar og Júlíans Meldons D'Arcy og skrifaði Ástráður formála að verkinu en Birna Bjarnadóttir ritstýrði. Bókin kom út hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur/Háskólaútgáfunni og var útgáfan styrkt af Hollvinafélagi Hannesarholts og Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

Ástráður og Júlían greindu frá efni bókarinnar og fluttu nokkur ljóð Hannesar á íslensku og ensku. Guðmundur Hálfðanarson flutti ávarp.

### Dagur spænskrar tungu

Dagur spænskrar tungu var haldinn hátíðlegur í febrúar. Félag spænskukennara á Íslandi hélt viðburðinn í samstarfi við námsgrein í spænskum fræðum og Sendiráð Spánar.

### *Að vestan og Hjónaband rauðu fiskanna*

Úgáfu smásagnasafnanna *Að vestan* og *Hjónaband rauðu fiskanna* var fagnað á Heimasvæði tungumála í Veröld – húsi Vigdísar 2. mars. *Að vestan. Íslensk-kanadískar smásögur* hefur að geyma úrval sagna eftir W.D. Valgardson, David Arnason og Kristjönu Gunnars í þýðingu Guðrúnar Bjarkar Guðsteinsdóttur sem einnig ritar formála að sögunum. Ritstjóri var Birna Bjarnadóttir. Bókin kom út hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur / Háskólaútgáfunni og var útgáfan styrkt af Miðstöð íslenskra bókmennta, Sjóði Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli og Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur. *Hjónaband rauðu fiskanna* er safn smásagna eftir mexíkóska rithöfundinn Guadalupe Nettel. Kristín Guðrún Jónsdóttir þýddi sögurnar og skrifaði eftirmála. Ritstjóri var Ásdís R. Magnúsdóttir. Bókin kom út hjá Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur / Háskólaútgáfunni og var útgáfan styrkt af Miðstöð íslenskra bókmennta og Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

Guðrún Björk Guðsteinsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir sögðu frá efni bókanna og lásu valda kafla.

### **Afmælis- og kveðjuhóf til heiðurs Þórhildi Oddsdóttur**

Þann 3. mars var haldið upp á sjötugsafmæli Þórhildar Oddsdóttur á Heimasvæðinu í Veröld. Um leið var henni þakkað fyrir frábært starf við námsgrein í dönsku, þar sem hún hefur staðið vaktina um árabíl, og ritstjórn tímarits stofnunarinnar *Milli mála*, í samstarfi við Geir Þ. Þórarinsson.



### **Kennsluvefurinn *Icelandic Online* fyrir börn**

Lilja Dögg Alfredsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra opnaði kennsluvefinn *Icelandic Online* fyrir börn við hátíðlega athöfn í Vigdísarstofu í Veröld – húsi Vigdísar þann 18. apríl, á fyrsta degi Barnamenningarhátíðar Reykjavíkur 2023. Auk ráðherra tóku til máls Jón Atli Benediktsson, rektor háskóla Íslands og Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor emerita. *Icelandic Online fyrir börn* er

gagnvirkt námsefni með leikjaívafi í íslensku sem öðru máli fyrir börn á leikskólaaldri og í fyrstu bekkjum grunnskóla. Ritstjórar nýja vefjarins eru Birna Arnbjörnsdóttir og Halldóra Jóhanna Þorláksdóttir en Úlfur Alexander Einarsson verkefnastýrði hugbúnaðarvinnu. Skólabörn úr 5. og 6. bekk Landakotsskóla voru sérstakir gestir við opnunina og sungu tvö lög við ljóð Þórarins Eldjárns.

### *Icelandic Heritage in North America*

Útgáfu greinasafnsins *Icelandic Heritage in North America* var fagnað með kynningu í Vigdísarstofu í Veröld – húsi Vigdísar þann 26. apríl. Verkið var gefið út af University of Manitoba Press í Winnipeg og ritstjórar þess eru Birna Arnbjörnsdóttir, Höskuldur Þráinsson og Úlfar Bragason. Það fjallar að nokkru leyti um sama efni og bókin *Sigurtunga: Vesturíslenskt mál og menning* sem var afrakstur vettvangsrannsóknar á íslensku sem erfðarmáli í Bandaríkjunum og Kanada og rannsókna á menningu og sögu vesturfaranna og afkomenda þeirra.

### **Pólskir dagar**

Pólskir dagar voru haldnir í Veröld – húsi Vigdísar 11. – 14. september þar sem Pólland fyrri hluta 20. aldar var skoðað, tónlist og kvikmyndir kynntar og borgin Gdynia heimsótt. Viðburðurinn var skipulagður af Tungumálamiðstöð í samstarfi við Háskólann í Varsjá og Sendiráð Póllands í Reykjavík.

### *Year of the Puffin*

Kynning á skáldverkinu *Year of the Puffin* eftir Gregory Phipps var haldin á Heimasvæði tungumála í Veröld – húsi Vigdísar 27. september. Höfundurinn fjallaði um bókina og lesin voru brot úr verkinu. *Year of the Puffin* kom út hjá Atmosphere Press.

### **Útgáfufagnaður ritsins *Menning við ysta haf. Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða og Stranda***

Útgáfu bókarinnar *Menning við ysta haf. Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða og Stranda* var fagnað í Auðarsal í Veröld þann 15. nóvember. Birna Bjarnadóttir og Ingi Björn Guðnason, ritstjórar verksins, fluttu erindi. Auk þeirra komu fram Jón Atli Benediktsson, Guðmundur Hálfðanarson, Ármann Jakobsson, Eiríkur Örn Norðdahl, Oddný Eir Ævarsdóttir, Guðrún Elsa Bragadóttir, Dustin Geeraert, Christopher Crocker, Ásta Kristín Benediktsdóttir, Þórunn Sigurðardóttir, Johnny Lindholm, Viðar Hreinsson og Bergljót Kristjánsdóttir. Sálmur Önnu Þorvaldsdóttur, Heyr þú oss himnum á, saminn árið 2005 við sálm séra Ólafs Jónssonar á Söndum í Dýrafirði var fluttur við þetta tækifæri.

### **Calvino 100 ára og *Borgirnar ósýnilegu***

Í tilefni af aldarafmæli rithöfundarins og blaðamannsins Italo Calvino var fjallað um nýútgefna bók Calvino, *Borgirnar ósýnilegu*, í þýðingu Brynju Cortes Andrésdóttur. Stefano Rosatti fjallaði um verkið og þýðandinn las valda kafla. Viðburðurinn var haldinn 17. nóvember á Heimasvæði tungumála í Veröld – húsi Vigdísar, í samstarfi við Istituto Italiano di Cultura.

### **Chileskir kvikmyndadagar**

Námsgrein í spænskum fræðum við Mála- og menningardeild skipulagði chileska kvikmyndadaga 4.–6. desember í samstarfi við chileska sendiráðið í Noregi. Sýningarnar voru í Auðarsal og tilefni þeirra var að minnast þess að hálf öld er liðin frá valdaráni chileska hersins.

## ÞAKKIR

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur þakkar öllum sem styrkt hafa starfsemi stofnunarinnar árið 2023: Styrktarsjóði Vigdísar Finnbogadóttur, Miðstöð íslenskra bókmennta, Hugvísindastofnun, Sjóði Páls Guðmundssonar frá Rjúpnafelli, Istituto Italiano di Cultura og Hollvinafélagi Hannesarholts. Íslenskum stjórnvöldum er þakkað fyrir stuðning við starfsemi Vigdísarstofnunar - Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar.

Þá er stjórn stofnunarinnar ásamt stjórnnum undirstofa, verkefnastjórum, rektor Háskóla Íslands, Jóni Atla Benediktssyni, Ólöfu Garðarsdóttur sviðsforseta, Margréti Guðmundsdóttur, rekstrarstjóra rannsóknþjónustu, og Guðmundi Herði Guðmundssyni, kynningar- og vefstjóra Hugvísindasviðs, þakkað gott samstarf.

Að lokum vill stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum koma á framfæri þökkum til allra samstarfsmanna og velunnara fyrir margvíslegan stuðning við starfsemi stofnunarinnar.

16. apríl 2024

Ásdís R. Magnúsdóttir, f.h. stjórnar

© Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Brynjólfsgötu 1, 107 Reykjavík, <https://svf.hi.is>